

anda. Það er einnig viðurkennt undir rekstri málsins af hendi áfrýjanda, að hinn stefndi hafi haft á hendi skulda-innheimtu fyrir hann um 2ggja eða 3ggja ára tíma, en hvorugur málsparta hefur gjört grein fyrir því, hvort samið hafi verið um ákveðna borgun fyrir starf þetta fyrir fram þeirra á milli.

Þar sem eigi verður álitid, að það hafi verið til-ætlun stefnda — nje heldur að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að búast við því — að þessi störf væru leyst af hendi endurgjaldslaust, og með því að hin umkrafa upphæð eigi þykir óhæfileg, eptir skýrslum þeim, sem að öðru leyti eru framkomnar í málinu, verður að staðfesta hinn áfrýjanda dóm, einnig að því er ákvæði hans um þessa kröfu hins stefnda snertir. Með því að yfirdómurinn enn fremur er samþykkur málskostnaðarákvæði undir-
rjettardómsins, verður að samþykkja hann í heild sinni. Það er eigi ástæða til, að taka ómerkingar- og sektar-kröfu áfrýjanda til greina, og eptir öllum atvikum málsins þykir rjett að málskostnaður falli niður.

P v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjandi bæjarþingsdómur á að vera órask-
aður. Málskostnaður falli niður. Dóminum að
fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans und-
ir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júlímán.

Nr. 20/1890.

Rjettvísinn

gegn

Ólafi Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Mál þetta, sem höfðað hefur verið gegn ákærða, Ólafi

söðlasmið Þorsteinssyni á Akureyri, fyrir illa meðferð á hrossi, var fyrst dæmt í aukarjetti Akureyrar 5. ágúst f. á., og var ákærði þá dæmdur í 10 kr. sekt og til að greiða málskostnað allan, en sá dómur var dæmdur ómerkur af yfirdóminum 25. nóvembermán. f. á., sökum þess, meðal annars, að málið þótti eigi nægilega upplýst, og var því þessvegna vísað heim aptur til ýtarlegri rannsóknar og löglegri meðferðar, er fara skyldi fram á kostnað undirdómarans. Nú hefur málið að nýju verið dæmt í aukarjetti Akureyrar 16. apríl þ. á., eptir að nýtt próf hafði haldið verið yfir ákærða, og var ákærði sýknaður, en dæmdur til að greiða málskostnað allan.

Það er upplýst í málinu, að ákærði kom 22. júlí f. á. að Hrafnagili með hryssu nokkra, er hann reið og skildi hana þar eptir. Var hún þá sködduð mjög á auga, en engin upplýsing hefur fengizt um það, hvernig skemmdin á auganu hafi orsakast, og ákærði, sem var einn á ferð með hryssuna þegar hún fjekk meidslíð, og drukkinn töluvert, hefur stöðugt neitað því, að vita nokkuð um það, hvernig það atvikaðist, eða að hafa verið valdur að því viljandi, en hann hefur kannast við, að það væri ekki ólíklegt, að það hafi orsakast af svipu sinni, þannig, að hún hafi óvart rekizt í auga hryssunnar. Það er því eigi næg sönnun fram komin til að refsa ákærða fyrir illa meðferð á nefndri hryssu, og verður því að sýkna hann í máli þessu bæði að því er refsingu snertir og málskostnadarútlát. Samkvæmt fyrnefndum yfirrettardómi 25. nóvembermán. f. á., ber hjeradsdómaranum að greiða allan kostnað, sem leitt hefur af heimvísun og ýtarlegri rannsókn málsins. Allan annan kostnað málsins verður að greiða úr landssjóði, þar með talin málflutn-

ingslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert við meðferð málsins af hendi undirdómarans, að að eins 1 þingvottur hefur undirskrifað rjettarhaldið 16. apríl þ. á., þegar dómurinn í máli þessu var uppkveðinn, og að í niðurlag dómsins vantar þvingunarklausuna: Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeradi verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Ólafur Þorsteinsson á að vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu. Allan þann kostnað, er leitt hefur af heimvísun og ýtarlegri rannsókn málsins eptir 25. nóvemberm. f. á., greiði undirdómarinn, sýslumaður og bæjarfógeti Stephán Thorarensen. Allur annar sakarkostnaður bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi greiðist af almanna-fje, þar með talin málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.